

**Ed.**

**792. Nefndarálit**

**[13. mál]**

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 65 13. maí 1965, um hægri handar umferð.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Frumvarpið er flutt til framlengingar á skatti þeim, sem tekinn hefur verið tvö undanfarin ár af bifreiðum til að standa straum af kostnaðinum við breytinguna í hægri umferð árið 1968. Átti sá kostnaður nú að vera greiddur samkvæmt áætlun þar um, en hefur farið fram úr áætlun.

Það, sem enn vantar á, að þessi sérstaki skattur nægi fyrir kostnaðinum, tel ég eðlilegt, að ríkissjóður greiði. En meðan enn vantar á, að hringvegur sé lagður um Ísland, tel ég rétt, að skatturinn renni til þess að opna þá bifreiðaleið.

Ég legg því til, að frv. verði samþykkt með þessari

**BREYTINGU:**

Við 1. gr. 2. málsg. orðist svo:

Skatti þessum skal varið til að byggja akveg og brýr um þann hluta hringleiðarinnar um Ísland, sem enn hefur ekki verið gerður ökufær.

Alþingi, 30. apríl 1970.

Karl Guðjónsson.